


VINNAN Á LAGARFLJÓTSSVÆÐINU 1986,
TILLÖGUR UM AÐGERÐIR 1987.

STEINGRÍMUR BENEDIKTSSON

JÓN INGI SIGURBJÖRNSSON

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-A/87006



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116
- INNG. FRA HLEMMI

PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK

SÍMI 91-621811

Egilsstöðum

VMST-A/87006

júní 1987

I. INNGANGUR:

Í júní 1986 samdi Árni Helgason fiskifræðingur áætlun í fjórum liðum, um það hvernig best væri að haga vinnu í fiskiræktarmálum Lagarfljóts það sumarið (Árni Helgason, 1986). Um sumarið var svo unnið samkvæmt þessari áætlun og í þessari skýrslu verða einstakir liðir hennar raktir ásamt því hvernig tókst til. Tillögur um næstu aðgerðir fylgja á eftir því.

II. FRAMKVÆMD ÁÆTLUNAR; HELSTU NIÐURSTÖÐUR:

Samkvæmt fyrsta lið átti að meta og tímasetja stærð laxagöngunnar að fossinum, og fá ákveðnar hugmyndir um gönguhegðun laxins við stigan m.a. með tilliti til þess að hvorum bakkanum laxinn sækir fremur.

Segja má að mjög vel hafi tekist til með þennan lið áætlunarinnar. Göngur að fossinum voru athugaðar með netaveiðum sem Jón Ingi Sigurbjörnsson hafði umsjón með. Netin voru fyrst lögð 14. júlí og kom í ljós að mikill lax hafði þá gengið á svæðið. Göngurnar virðast því fyrir á ferðinni en menn ímynduðu sér. Hér má nefna að í ár (1987) urðu menn varir við fisk þegar upp úr miðjum júní.

Stærð göngunnar reyndist einnig meiri en ég hygg að menn hafi átt von á. Samkvæmt þeim gögnum sem Veiðimálastofnun hafa borist veiddust samtals a.m.k. 435 laxar í netaveiðum bænda og RARIK, sumarið 1986. Samkvæmt þessu er Lagarfljót þriðja mesta laxveiðiáin á Austurlandi. Einungis Hofsa og Selá í Vopnafirði gefa meiri afla.

Net voru lögð sem víðast í fljótið neðan virkjunar. Í hvert skipti sem dregið var, var svo skráð hvernig aflaðist í hvert net. Upp úr þessum gögnum (3. mynd) hefur verið unnin tilgáta sem sýnir gönguleið laxins í stórum dráttum (2. mynd). Á 1. mynd eru sýndir helstu straumar í fljótinu neðan virkjunar, samkvæmt reynslu veiðimanna

Þessar niðurstöður eru sérstaklega mikilvægar þar sem sérfræðingar í laxastigagerð leggja þær til grundvallar þegar staðsetning neðra stigaops er ákveðin.

Samkvæmt öðrum lið í áætlun Árna átti að kanna hvort rennslisbreytingar við virkjunina hefðu áhrif á hegðun laxins.

Þessar tilraunir gengu illa vegna þess hve mikið fljótið var fram eftur öllu sumri. Þær breytingar sem voru gerðar gengu þannig fyrir sig:

Kl. 18 þ. 19.7. var vatnsrennsli um aflvél virkjunarinnar minnkað um helming. Þannig gekk virkjunin fram til kl. 9 f.h. þ. 23.7. en þá var hún stöðvuð. Stoppið stóð nákvæmlega í sólarhring. Um þessar mundir var stórstreymt og því von á laxagöngum, enda veiddust nýrunnir laxar er net voru sett niður að nýju. Eins og áður sagði var fljótið svo mikið um þessar mundir að ekki var hægt að loka flúð einnig. Henni var ekki lokað fyrr en 30. ágúst en þá var hins vegar ekki prófað að stöðva virkjunina, eins og hefði verið æskilegt.

Niðurstöður urðu í stuttu máli þær að ekki varð vart við neinn lax í stiganum í þessi skipti og raunar aldrei allt sumarið. Það sýnir þó að vandamálið er ekki einfaldlega iðan frá aflvélinni eða neitt annað einfaldlega, svo að "patentlausn" er varla til.

3. liður hljóðaði upp á að fylgst yrði nákvæmlega með fiskgöngum um stigann og þær bornar saman við talningar teljara.

Eins og sagði um 2. lið gekk enginn lax upp stigann. Einnig varð lítið vart við silung. Teljarinn var í viðgerð allt sumarið og er því ekkert vitað meira um hann.

Samkvæmt 4. lið átti að safna lifandi laxi, merkja hann og sleppa síðan uppfyrir virkjun.

Þetta var gert með netaveiðum (sbr. 1. lið). Alls veiddu Jón Ingi og hans menn 316 laxa í net sín. Af þeim voru 128 taldir lífvænlegir og var þeim sleppt uppfyrir. Ýmist fóru þeir í Lagarfljótið sjálfst eða í þverár. Fátt endurheimtist af þessum fiski með vissu. Þó komu 6 fiskar aftur í netin neðan við virkjun og er það vel þekkt

fyrirbæri við svona aðgerðir. Aðeins eitt merki skilaði sér af efra svæðinu. Hins vegar fór nokkrum sögum af því að fiskar hefðu veiðst hér og hvar. Þá vera að menn geymi merkin sér til heilla en það kvæð vera háttur frumstaðra þjóðflokka sumsstaðar. Þetta er vandamál sem þyrfti að leysa ef farið verður í svipaðar aðgerðir aftur.

Af öllum dauðum fiskum var safnað hreistri og aldursgreint eftir því. Niðurstöður sjást í l. töflu. Gerð var tilraun til að greina á milli fiska af sleppiuppruna og aftur af náttúrulegum uppruna eftir hreistri, eins og sést í töflunni. Virtist það mögulegt og alls voru **36** fiskar taldir ættaðir úr sleppingum. Var það alveg um 10% af því sem skoðað var. Það ber að taka fram að þessi aðferð til að ákvarða sleppifisk er alls ekki hárnákvæm og ber því að taka niðurstöður sem ákveðna vísbendingu um að líklega séu báðir hóparnir til staðar. Þó má fullyrða að fiskar sem eingöngu hafa eytt tveimur árum í fersku vatni eru nokkuð örugglega úr sleppingum.

III. FRAMHALDSAÐGERÐIR:

1. Verkfræðingur sem hefur reynslu af hönnun laxastiga verði fenginn hingað til að skoða aðstæður og þau gögn sem fyrir liggja úr rannsóknum undanfarinna ára. Þessi maður gæti gefið álit um möguleika á að breyta laxastiganum þannig að hann virki.

2. Veiðum á líflaxi, og flutningi upp fyrir verði haldið áfram. Til greina kemur að nota net en þau hafa þó reynst fremur illa, þar sem mikið af fiski drepst í þeim. Þess vegna kemur einnig til greina að reyna að koma upp gildru til að fá laxinn í betra ástandi. Í kringum það yrði þó að vinna nokkuð þróunarstarf og ekki er ljóst hvort þessi leið er fær.

3. Ég tel nauðsynlegt að reynt verði að sanna eða afsanna tilvist náttúrulegs fisks í Lagarfljóti fyrir neðan foss. Þetta yrði gert af starfsmanni Veiðimálastofnunar með því að veiða seiði sem víðast á þeim stöðum þar sem líklegt er að laxaseiði finnist.

Tafla I: Niðurstöður aldursgreininga af hreistri.

GÖNGULAXAR

Dreifing eftir aldri og kynjum.

Uppruni:

náttúruleg

slepping

Ár í sjó	I		II		I		II		SAM-TALS	SAM-TALS %
	Hæ	Hr	Hæ	Hr	Hæ	Hr	Hæ	Hr		
1										
2					1	1	2	2		
3	11	6	10	26	3	6	3	7		
4	41	39	25	31	4	2	3	2		
5	13	26	6	7						
6	3		1							
7										
SAMTALS	68	71	42	64	8	9	8	11		
SAMTALS	139		106							
SAMTALS %	56.7		43.3							

Dreifing eftir klakárgöngum og sleppiárum.


Klakár hjá nátt. fiski

Árgangur	Hængur	Hrygna	Samtals
1978	1		1
1979	9	7	16
1980	38	57	95
1981	51	65	116
1982	11	6	17
////////////////	////////////////	////////////////	////////////////
1980	3	2	5
1981	7	9	16
1982	5	8	13
1983	1	1	2


Sleppiár fiska af sleppi-uppruna.

MYND I.

STRÖUMAR Í LAGARELJÓTI NEDAN
VIKUNAR.




MEGINSTRÖUMUR
HRINGSTRÉYMI



← LAXAGÖNGUR.

LAGNIR OG VEIDI



VEIDISTADIR 271 LAX
AF 316